# Ársskýrsla

## Fangelsismálastofnunar ríkisins
## 1999

Desember 2000

# Ársskýrsla

## Fangelsismálastofnunar ríkisins

## 1999

Desember 2000

**Efnisyfirlit**


Bls.

**Formáli** .................... **5**

**I. FJÁRHAGUR OG STARFSEMI FANGELSISKERFISINS** .................... **7**

I. 1 REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA, STARFSEMI OG STARFSMENN .................... 8
Yfirstjórn .................... 8

I. 2 FANGELSIN .................... 8
Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu .................... 9
Fangelsið Litla-Hrauni .................... 9
Skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni .................... 10
Fangelsið Kvíabryggju .................... 10
Fangelsið Akureyri .................... 11
Laun fanga og dagpeningar .................... 11

I. 3. FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS .................... 12

**II. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR** .................... **13**

II. 1 LEYFI ÚR REFSIVIST .................... 13
II. 2 ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMEÐFERÐ Í REFSIVIST .................... 13
II. 3 STROK OG STROKTILRAUNIR ÚR REFSIVIST .................... 14

**III. FULLNUSTA REFSIDÓMA** .................... **15**

III. 1 AFPLÁNUN REFSIVISTAR HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND .................... 15
III. 2 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA .................... 15
III. 3 TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU .................... 19
Tafla 1.1 TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNU TIL FULLNUSTU ÁRIN 1995 - 1999 .................... 24
Tafla 1.2 TEGUNDIR REFSINGA, SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMÞOLAR ERU 15 – 17 ÁRAVIÐ UPPKVAÐNINGU DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA ÁRIN 1995 – 1999 .................... 25
Tafla 2.1 SKIPTING DÓMÞOLA, SEM DÆMDIR HAFA VERIÐ Í ÓSKILORÐSBUNDNA REFSIVIST, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1995 – 1999 26
Tafla 2.2 FJÖLDI FANGA SEM AFPLÁNAR VARAREFSINGU FÉSEKTA OG SÆTIR GÆSLUVARÐHALDI Í LOK ÁRANNA 1996 - 1999 .................... 26
Tafla 3a) ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1995 – 1999 .................... 26
Tafla 3b) ALDURSSKIPTING ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1995 – 1999 .................... 27

Tafla 4a) TILEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1995 – 1999 ..... 27
Tafla 4b) AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1995 – 1999 ..... 27
Tafla 5 FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA FANGELSIS- OG VARÐHALDSREFSINGA, SEM BARST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ LENGD REFSITÍMA ÁRIN 1995 – 1999 ..... 28
Tafla 6a) FJÖLDI DÓMÞOLA SEM HÓF SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1995 – 1999 ..... 28
Tafla 6b) KYNJASKIPTING DÓMÞOLA SEM HÓF SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1995 – 1999 ..... 28
Tafla 7 FANGAR SEM LUKU AFPLÁNUN ÁRIN 1995 – 1999 ..... 29
a) Ástæða losunar ..... 29
b) Fyrsta afplánun eða afplánað áður ..... 29
c) Lengd afplánunar ..... 29
d) Skipting eftir kynjum ..... 29
Tafla 8 DAGAFJÖLDI VEGNA AFPLÁNUNAR ÁRIN 1995 – 1999 ÁSAMT DAGAFJÖLDA VEGNA GÆSLUVARÐHALDS OG VARAREFSINGA. NÝTING ÁRIN 1996 - 1999 ..... 30
a) Fjöldi afplánunardaga ..... 30
b) Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga ..... 30
c) Fjöldi daga í vararefsingu fésekta ..... 31
d) Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag ..... 31
e) Nýting ..... 31
Tafla 9 NIÐURFALLIN REFSIVIST ÁRIN 1995 – 1999 ..... 32
Tafla 10 VEITING REYNSLULAUSNA ÁRIN 1995 – 1999 ..... 32
Tafla 11 SKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1995 – 1999 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM ..... 33
Tafla 12 SEKTARDÓMAR ÁRIN 1995 – 1999 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM ..... 33

III. 4 FÉSEKTIR OG SAKARKOSTNAÐUR SAMKVÆMT DÓMUM - VIÐURLAGAÁKVARÐANIR - ÁRITUÐ SEKTARBOÐ ..... 34
A. Fésektir samkvæmt dómum ..... 34
B. Sakarkostnaður samkvæmt dómum ..... 34
C. Viðurlagaákvarðanir ..... 34
D. Árituð sektarboð ..... 35

**IV. ÁKÆRUFRESTANIR ..... 37**

Tafla 13 AFBROT ..... 39
Tafla 14 NÁM OG STARF ..... 39
Tafla 15 ALDUR ..... 39
Tafla 16 BÚSETA ..... 40
Tafla 17 MENNTUN ..... 40
Tafla 18 HJÚSKAPARSTAÐA FORELDRA ..... 40

**V. SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA ..... 41**

# Formáli

Það voru einungis tveir mánuðir eftir af árinu 1999 þegar undirritaður kom til starfa hjá Fangelsismálastofnun. Á þeim tíma skapaðist töluverð umræða um einangrun gæsluvarðhaldsfanga. Það kemur venjulega í hlut Fangelsismálastofnunar að vista gæsluvarðhaldsfanga í fangelsum ríkisins og þar með að framkvæma úrskurð dómara um gæsluvarðhald og ákvörðun rannsóknara um tilhögun gæsluvarðhaldsins. Svo virðist sem þekking almennings á fyrirkomulagi einangrunar sé takmörkuð. Með einangrun, er skv. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 179/1992 um gæsluvarðhaldsvist, átt við að fangi sé útilokaður frá félagsskap við aðra fanga. Það hefur ekki sjálfkrafa í för með sér takmörkun á öðrum réttindum, s.s. aðgangi að fjölmiðlum og heimsóknum. Í 108. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er notað orðið „einrúm", sem ef til vill lýsir ástandinu betur en „einangrun". En í reynd hefur gæsluvarðhaldsfangi sem sætir einangrun samskipti við fangaverði, fangelsisprest, heilbrigðisstarfsfólk og að sjálfsögðu verjanda sinn. Einnig eru í sumum tilfellum heimilaðar heimsóknir ættingja. Það fyrirkomulag er hér á landi að rannsóknari ákveður hvort gæsluvarðhaldsfangi sæti einangrun og hvert inntak hennar er og ákvarðanir hans er hægt að bera undir dómara. Ástæða er til að taka þetta fyrirkomulag til endurskoðunar. Eðlilegra virðist að svo íþyngjandi ákvörðun sem einangrun er, sé tekin af dómara skv. kröfu rannsóknara og sé tekin til ákveðins tíma. Ennfremur að einangrun verði settur hámarkstími, sem gæti verið mismunandi eftir alvarleika brotsins. En almennt verður að gæta hófs í beitingu einangrunar og hefur verið dregið verulega úr beitingu einangrunar sem agaviðurlaga í fangelsum á síðustu árum.

Fíkniefnaneysla í fangelsum, einkum í Fangelsinu Litla-Hrauni er viðvarandi vandamál. Er þá bæði átt við ólögleg fíkniefni og misnotkun lyfja sem ávísuð eru af læknum. Stöðugt er unnið gegn þessu og var m.a. haldinn einn fundur með landlækni þar sem þessi mál voru til umfjöllunar og leitað leiða til að stemma stigu við aðgengi fanga að lyfjum.

Bygging nýs fangelsis á Reykjavíkursvæðinu hefur verið til umfjöllunar undanfarin ár. Á árinu 1992 skilaði nefnd um framtíðarstefnu í fangelsismálum skýrslu. Í tengslum við ákvörðun um byggingu nýs fangelsis er ástæða til að staldra við og endurskoða þá framtíðarsýn sem sett var fram í skýrslunni. Með nýju fangelsi mun starfsemin í öðrum fangelsum breytast og taka þarf ákvörðun um hvernig henni verður háttað. Mjög mikilvægt er að nýtt fangelsi rísi á næstu misserum. Aðstaða í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg er óviðunandi og uppfyllir ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til fangelsis. Þar er t.d. engin aðstaða til vinnu eða náms. Í skýrslu Evrópunefndar um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) til ríkisstjórnar Íslands, eftir heimsókn hennar til Íslands 29. mars til 6. apríl 1998 segir m.a. um byggingu nýs fangelsis í Reykjavík: „Aftur á móti hafði byggingu nýs fangelsis í Reykjavík, sem bæði var ætlað að vista gæsluvarðhaldsfanga, sem nú eru hafðir að Litla-Hrauni, og gera kleift að leggja niður fangelsið við Skólavörðustíg, verið frestað." Og ennfremur: „Nýja fangelsið myndi gera kleift að vista alla gæsluvarðhaldsfanga af Reykjavíkursvæðinu þar sem þeir eiga fjölskyldu og félagsleg tengsl, í námunda við viðeigandi rannsóknar- og saksóknaryfirvöld, og einnig veita föngum kost á viðeigandi iðju og athöfnum. **CPT mælist til þess að íslensk yfirvöld veiti byggingu nýs gæsluvarðhaldsfangelsis í Reykjavík algeran forgang.**" Ennfremur er töluvert óhagræði af því að vista gæsluvarðhaldsfanga í Fangelsinu Litla-Hrauni vegna ferðakostnaður lögreglu, verjenda og með fangana fyrir dómara.

Á árinu bættist nýr kafli í lög um fangelsi og fangavist þar sem heimiluð er fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu. Gildistaka laganna var 1. janúar 2000, en undirbúa

þurfti framkvæmd laganna, sem fyrirsjáanlega myndu fjölga þeim sem afplána með samfélagsþjónustu nokkuð. Undirbúningur að afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu er með svipuðu móti og afplánun óskilorðsbundins fangelsis með samfélagsþjónustu. Þó er sá munur á að sótt er um samfélagsþjónustuna til þess lögreglustjóra sem fullnustar sektina, eftir að ákvörðun um afplánun vararefsingar liggur fyrir. Lögreglustjórinn framsendir Fangelsismálastofnun gögn málsins og stofnunin afgreiðir umsóknina á sama hátt og aðrar samfélagsþjónustuumsóknir.

Samkomulag Fangelsismálastofnunar ríkisins og Barnaverndarstofu um vistun fanga yngri en 18 ára var endurnýjað í nóvember. Samkomulagið felur í sér að þegar Fangelsismálastofnun berst dómur til fullnustu þar sem yngri dómþoli en 18 ára er dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi er Barnaverndarstofu þegar tilkynnt um það. Barnaverndarstofa kannar þá hvort mögulegt er að dómþoli afpláni refsingu sína á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Helsta breytingin sem gerð var á samkomulaginu er sú, að vistun hjá Barnaverndarstofu getur farið fram gegn vilja ungmennisins og að sama málsmeðferð er viðhöfð þegar ungmenni er úrskurðað í gæsluvarðhald. Gæsluvarðhaldsvistin getur þá verið á meðferðarheimili.

Á árinu fóru fram miklar endurbætur á Húsi 3 í Fangelsinu Litla-Hrauni. Klefar voru allir lagfærðir og sett í þá salerni. Með þessum endurbótum er aðstaða öll mun betri og sambærileg við það sem er í nýjustu byggingu fangelsisins.

Fangavarðaskólinn var rekinn á haustönn, en þar sem fjárveitingar hafa ekki fengist til reksturs hans hefur reksturinn verið stopull. Þó vandaðar byggingar séu nauðsynlegar er vel menntað og hæft starfsfólk lykillinn að góðri starfsemi í fangelsunum. Fangavarðaskólinn er grundvöllur þess að hægt sé að reka fangelsi með nútímalegum hætti og sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndunum. Vonir eru bundnar við að rekstur hans verði tryggður í framtíðinni með sérstakri fjárveitingu.

*Guðgeir Eyjólfsson*

# I. FJÁRHAGUR OG STARFSEMI FANGELSISKERFISINS

Framlag í fjárlögum ársins 1999 til reksturs Fangelsismálastofnunar og fangelsa svo og til annarra útgjalda vegna fullnustu dóma hljóðaði upp á 461 m.kr. eða 42,5 m.kr. hærra framlag en árið 1998 en þá var framlag í fjárlögum 418,5 m.kr. Taflan hér fyrir neðan sýnir mismun milli fjárlaga áranna 1998 og 1999 (í m.kr.):

| | **1998** | **1999** | **Breyting** |
|---|---|---|---|
| Heildargjöld: | 472,8 | 516,4 | 43,6 |
| Sértekjur: | -54,3 | -55,4 | -1,1 |
| **Framlag:** | **418,5** | **461,0** | **42,5** |

Ástæður þessarar hækkunar framlags í fjárlögum eru vegna kjarasamnings- og verðlagshækkana en meðal annars fékk stofnunin 30 m.kr. framlag vegna aðlögunarsamnings milli stofnunarinnar og Starfsmannafélags ríkisstofnana vegna fangavarða í fangelsum ríkisins.

Þegar tekið hafði verið tillit til rekstrarafgangs ársins á undan urðu endanlegar fjárheimildir Fangelsismálastofnunar á árinu 1999, 483.375 þús.kr. Greiðslustaða í árslok var aftur á móti 470.447 þús.kr. eða 12.928 þús.kr. innan heimilda. Til samanburðar var endanleg fjárheimild stofnunarinnar á árinu 1998, 440.694 þús.kr. en greiðslustaða í árslok 418.784 þús.kr. eða 21.910 þús.kr. innan heimilda. Eftirfarandi tafla sýnir mismun fjárlaga og fjárheimilda svo og greiðslustöðu í árslok fyrir árin 1998 og 1999 (í þús.kr.):

| | **1998** | **1999** |
|---|---|---|
| Framlag í fjárlögum: | 418.500 | 461.000 |
| Fjárheimildir: | 440.694 | 483.375 |
| Greiðslustaða í árslok: | 418.784 | 470.447 |
| **Mismunur fjárheimilda og greiðslustöðu:** | **21.910** | **12.928** |

Rekstrarafgangur fangelsiskerfisins á árinu 1999 skýrist einna helst af fækkun fanga og aukningu sértekna en þær jukust um tæpar 5 m.kr. milli áranna 1998 og 1999. Rekstrarafgangurinn skýrist einnig af almennu aðhaldi og hagræðingu í rekstri. Á móti kemur að Fangavarðaskóli ríkisins var starfræktur á árinu 1999 en haldið var eitt þriggja mánaða grunnnámskeið á haustönn með 15 nemendum, auk ýmissa annarra styttri námskeiða fyrir starfsmenn fangelsiskerfisins. Ekki var, fremur venju, gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu í fjárlögum vegna starfsemi Fangavarðaskólans. Ráðist var í miklar framkvæmdir og endurbætur á húsakosti fangelsanna og þá aðallega við Fangelsið Litla-Hrauni. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 10 m.kr. til viðhaldsframkvæmda en ákveðið var að nota einnig almennt rekstrarfé til þeirra.

## I.1 REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA, STARFSEMI OG STARFSMENN

Eins og áður sagði var greiðslustaða Fangelsismálastofnunar ríkisins árið 1999 470.447 þús.kr. á móti greiðslustöðu að upphæð 418.784 þús.kr. árið 1998. Greiðslustaða einstakra liða innan fangelsiskerfisins var sem hér segir (í þús.kr.):

| Stofnun: | 1998 | 1999 | Breyting |
|---|---:|---:|---:|
| Fangelsismálastofnun, yfirstjórn | 51.083 | 58.755 | 7.672 |
| Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu | 97.135 | 105.082 | 7.947 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 200.272 | 193.856 | -6.416 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 32.511 | 37.267 | 4.756 |
| Fangelsið Akureyri | 17.942 | 15.912 | -2.030 |
| Ýmis fangamál | 6.348 | 6.212 | -136 |
| Fangavarðaskóli ríkisins | 6.596 | 6.034 | -562 |
| Viðhald | 6.838 | 38.965 | 32.127 |
| Stofnkostnaður | 59 | 8.364 | 8.305 |
| Samtals: | 418.784 | 470.447 | 51.663 |

***Yfirstjórn***

Útgjöld yfirstjórnar jukust um rúmar 7,6 m.kr. milli áranna 1998 og 1999. Veruleg aukning hefur orðið á verkefnum stofnunarinnar undanfarin ár, meðal annars í kjölfar ýmissa lagabreytinga. Ber þar fyrst að nefna samfélagsþjónustuna en hún hefur aukist ár frá ári. Næst mætti nefna árituð sektarboð en með lögum nr. 31/1998 varð sú breyting á að sinni sakborningur ekki sektarboði innan 30 daga frá því að það sannanlega var birt honum, getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara sem tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra. Slík áritun hefur sama gildi og dómur og berast stofnuninni áritanir þessar til fullnustu. Til glöggvunar bárust Fangelsismálastofnun 5104 árituð sektarboð á árinu 1999. Einnig má nefna að veruleg aukning hefur orðið á beiðnum um afplánun vararefsingar og komu 343 beiðnir um fangapláss á árinu 1999.

Slík aukning í verkefnum eins og hér á undan er nefnd, hefur óneitanlega í för með sér aukin útgjöld og hefur meðal annars þurft að bæta við starfsfólki vegna þessara breytinga. Jafnframt jukust launagjöld talsvert, meðal annars vegna afleysinga fyrir tvo starfsmenn sem voru í barnsburðarleyfi á árinu. Aukin útgjöld hjá yfirstjórn skýrast einnig af kostnaði vegna aðlögunar tölvukerfis stofnunarinnar að framangreindum lagabreytingum ásamt því að koma á rafrænum flutningi gagna til sýslumanna. Þá þurfti ennfremur að aðlaga tölvukerfi stofnunarinnar að þeirri lagabreytingu að fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu að uppfylltum vissum skilyrðum en sú lagabreyting tók gildi 1. janúar 2000.

Um áramót störfuðu alls 14 starfsmenn hjá yfirstjórn Fangelsismálastofnunar.

## I.2 FANGELSIN

Rekstur fangelsanna gekk almennt vel á árinu 1999. Afplánunarföngum fækkaði nokkuð milli áranna 1998 og 1999 sem og föngum í gæsluvarðhaldi og vararefsingu fésekta.

***Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu***

Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu eru tvö, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, sem er móttökufangelsi og Fangelsið Kópavogsbraut 17. Á skrifstofu fangelsa á höfuðborgarsvæðinu starfar einn skrifstofumaður auk forstöðumanns sem veitir báðum fangelsunum forstöðu. Þá heyrir undir fangelsin á höfuðborgarsvæðinu flutningsdeild en þar starfa tveir starfsmenn.

Í Hegningarhúsinu störfuðu um áramót 12 fangaverðir auk starfsmanns í hlutastarfi við ræstingar. Þar eru 16 fangarými, þar af 2 fyrir gæsluvarðhaldsfanga í einangrun. Á árinu 1999 komu 167 fangar vegna afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma, 40 vegna gæsluvarðhaldsvistar og 80 vegna vararefsinga fésekta eða samtals 287 fangar. Að meðaltali voru 10,4 fangar vistaðir þar á dag, sem er smávægileg fækkun frá árinu á undan. Fangar eru oft vistaðir í styttri tíma í fangelsinu vegna flutnings til dómara, lækna o.s.frv.

Í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 voru um áramót starfandi 10 fangaverðir, auk starfsmanns í hlutastarfi við ræstingar. Þar eru 12 fangarými bæði fyrir karla og konur. Á árinu 1999 komu 47 fangar vegna afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma, 6 vegna gæsluvarðhaldsvistar og 34 vegna vararefsinga eða samtals 87 fangar. Að meðaltali voru 9,6 fangar vistaðir þar á dag, sem er smávægileg fækkun frá árinu á undan. Föngum í fangelsinu hefur gefist kostur á að stunda nám í fangelsinu á vegum Menntaskólans í Kópavogi og koma kennarar þaðan til að kenna föngum. Alls stunduðu 6 fangar nám á árinu 1999.

Útgjöld fangelsa á höfuðborgarsvæðinu jukust um tæpar 8 m.kr. milli áranna 1998 og 1999. Helsta breyting útgjalda var í launum en laun fangavarða hækkuðu í samræmi við gildandi aðlögunarsamning milli Fangelsismálastofnunar og Starfsmannafélags ríkisstofnana vegna fangavarða í fangelsum ríkisins. Þar var um að ræða launahækkun sem nemur í heildina að meðaltali 25% og tók hún gildi í áföngum frá 1. apríl 1998 til 1. apríl 2000. Á árinu 1999 var um að ræða að meðaltali 7% hækkun á launum fangavarða. Jafnframt höfðu afleysingar fyrir þá fangaverði er sóttu nám í Fangavarðaskólanum áhrif á launaútgjöld. Á móti lækkuðu ýmsir rekstrarliðir í samræmi við fækkun fanga.

Sértekjur fangelsa á höfuðborgarsvæðinu voru nokkuð svipaðar milli ára en jukust aftur á móti talsvert milli áranna 1997 og 1998, sérstaklega vegna aukins vinnuframboðs við Fangelsið Kópavogsbraut 17. Ánægjulegt er að slíkt framboð á vinnu var einnig á árinu 1999.

***Fangelsið Litla-Hrauni***

Fangelsið Litla-Hrauni er stærsta fangelsi landsins en tæplega 2/3 hlutar alls fangarýmis er þar og flestir gæsluvarðhaldsfangar eru vistaðir í fangelsinu. Þar eru 87 fangarými. Á árinu 1999 komu 95 fangar vegna afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma, 97 vegna gæsluvarðhaldsvistar og 4 vegna vararefsinga eða samtals 196 fangar. Að meðaltali var 58,1 fangi vistaður þar á dag, sem er töluverð fækkun frá árinu á undan en þá voru þeir 68,45.

Talsverð fjölbreytni er í fangavinnu á staðnum og má þar til dæmis nefna framleiðslu á bílnúmeraplötum, skrúfbútaframleiðslu, brettasmíði, steypuvinnu og línuuppstokkun. Er það markmið fangelsisyfirvalda að allir vinnufærir fangar á staðnum hafi einhverja atvinnu eða þeim sé gert kleift að stunda nám.

Um áramót störfuðu 62 starfsmenn við fangelsið. Á skrifstofu fangelsisins störfuðu auk forstöðumanns, 4 deildarstjórar og tveir skrifstofumenn, auk starfsmanns í fullu starfi við ræstingar í fangelsinu. Við fangavörslu og verkstjórn voru 53 starfsmenn. Auk þess var sálfræðingur í fullu starfi við fangelsið.

Útgjöld Fangelsisins Litla-Hrauni drógust saman um rúmar 6 m.kr. milli áranna 1998

og 1999. Helstu skýringar á breyttri greiðslustöðu fangelsisins eru auknar sértekjur en þær jukust um rúmar 4 m.kr. milli áranna, sem og lækkun ýmissa rekstrarútgjalda svo sem vegna húsnæðis og eignakaupa. Fækkun fanga hafði einnig talsverð áhrif á útgjöld eins og komið hefur fram.

Launaútgjöld jukust um rúmar 5 m.kr., meðal annars vegna aðlögunarsamningsins fyrir fangaverði og afleysinga fyrir þá fangaverði frá Litla-Hrauni sem sóttu nám í Fangavarðaskólanum á haustönn 1999 en það voru 9 fangaverðir. Hækkun launa í Fangelsinu Litla-Hrauni varð þó hlutfallslega mun minni en í öðrum fangelsum. Ástæður þess eru þær að einni byggingunni, sem í eru 22 fangapláss, var lokað frá sumarbyrjun og fram í október vegna breytinga og lagfæringa á húsinu. Við það fór vinnuafl þaðan og yfir í önnur hús og því þurfti ekki að ráða eins marga sumarafleysingamenn og venjulega.

Mestur kostnaður vegna viðhalds húseigna var á Litla-Hrauni en þar var meðal annars ráðist í umfangsmiklar breytingar og lagfæringar á einni byggingunni eins og kom fram hér á undan, svonefndu Húsi 3. Hús 3 er viðbygging við elstu fangelsisbygginguna og var það tekið í notkun árið 1972. Endurbætur og breytingar á húsinu miðuðust við það að bæta aðstöðu fanga og draga úr mismun milli bygginga á fangelsislóðinni. Helstu breytingar sem gerðar voru á húsinu voru þær að skipt var um glugga og gler og ofnar endurnýjaðir sem og allar hitalagnir. Hreinlætisaðstaða var bætt til muna en í hverjum fangaklefa var komið fyrir salerni og vaski. Skipt var um gólfefni, loftræstikerfi bætt og húsið málað bæði að utan og innan. Kostuðu þessar breytingar og endurbætur alls um 27 m.kr.

Auk þessara umfangsmiklu breytinga var ýmislegt unnið við aðrar byggingar á fangelsislóðinni. Meðal annars var talsvert unnið við svokallað Hús 2, sem er elsta fangelsisbyggingin. Þar voru hitalagnir endurnýjaðar og drenlagnir lagðar með suður- og vesturhliðum hússins. Fjöldi fanga hafði vinnu við endurbætur á húseignum fangelsisins.

***Skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni***

Eins og áður var skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands. Vegna fækkunar fanga almennt í fangelsinu stunduðu færri nám en áður, en 22 fangar innrituðust í skólann hvora önn. Eins og gengur og gerist gekk mönnum námið misvel, en um helmingur þeirra sem innrituðust þreyttu fleiri eða færri próf. Tilraun var gerð með að kenna nokkra áfanga með fjarkennslusniði og standa vonir til að þetta úrræði verði meira notað á næstunni. Þess má geta að samvinna kennslustjóra og sálfræðings Litla-Hrauns varðandi nám fanga þótti gefast mjög vel á árinu.

***Fangelsið Kvíabryggju***

Fangelsið Kvíabryggju er opnara en önnur fangelsi, en þar eru t.d. ekki fangelsisgirðingar. Eru fangar meðal annars valdir til afplánunar þar með tilliti til þess. Talsverð vinna fer fram á staðnum og er hún aðallega fólgin í beitningu, netavinnu, heyskap, fiskikaraviðgerðum og brettasmíði auk tilfallandi starfa á jörðinni sjálfri og við viðhald húseigna.

Um áramót voru 8 starfsmenn starfandi við fangelsið, þ.e. forstöðumaður, 6 fangaverðir og 1 starfsmaður í eldhúsi.

Í fangelsinu eru 14 fangarými. Á árinu 1999 komu 34 fangar vegna afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma og 3 vegna vararefsinga eða samtals 37. Að meðaltali voru 12 fangar vistaðir þar á dag, sem er svipuð tala og árið á undan. Útgjöld Fangelsisins Kvíabryggju jukust um rúmar 4,7 m.kr. milli áranna 1998 og 1999. Helsta ástæðan var, eins og í öðrum fangelsum, aukin launaútgjöld vegna aðlögunarsamnings fyrir fangaverði. Talsverð eignakaup voru í Fangelsinu Kvíabryggju á árinu 1999 en þá voru meðal annars

fest kaup á nýrri dráttarvél fyrir fangelsið. Slíkt tæki gerir alla vinnu í fangelsinu mun auðveldari, jafnframt því sem það nýtist til snjómoksturs á vetrum og því mikið öryggistæki fyrir fangelsið. Sértekjur fangelsisins jukust um rúma hálfa milljón en að öðru leyti voru aðrir liðir í rekstrinum að mestu óbreyttir. Það skal tekið fram að eins og í ársskýrslum síðustu ára, er í umfjöllun um þau fangelsi er afla sértekna, ekki gerð sérstök grein fyrir útgjöldum vegna framleiðslunnar.

***Fangelsið Akureyri***

Fangelsið Akureyri er starfrækt í húsnæði lögreglunnar á Akureyri og hefur svo verið frá því 1978. Í fangelsinu eru 9 fangarými. Á árinu 1999 komu 16 fangar vegna afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma, 2 vegna gæsluvarðhaldsvistar og 13 vegna vararefsinga eða samtals 31 fangi. Að meðaltali voru 4 fangar vistaðir þar á dag, sem er töluverð fækkun frá árinu á undan.

Fjórir fangaverðir eru starfandi við fangelsið en aðstoðaryfirlögregluþjónn sér um daglegan rekstur. Vinna fanga felst í því að sjá um þrif og alla þvotta og sinna auk þess léttu viðhaldi þegar það fellur til.

Hjá Fangelsinu Akureyri drógust útgjöld saman um rúmar 2 m.kr. á árinu 1999 samanborið við árið 1998. Ástæður þess eru fyrst og fremst þær að fangelsinu var lokað í sex vikur yfir sumartímann, líkt og gert var árið 1997. Draga þurfti úr innsetningu fanga í fangelsið nokkru áður en því var lokað og ekki þurfti að ráða sumarafleysingamenn til starfa.

***Laun fanga og dagpeningar***

Samkvæmt reglugerð nr. 409/1998 um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga, er tímakaupi fyrir vinnu fanga þannig háttað að greiddar eru 220, 250, 275 eða 290 krónur á tímann. Hæsta tímakaupið er greitt þeim föngum er sinna flokksstjórn. Til að hvetja fanga til náms fá þeir greiddar 220 kr. á klst. fyrir að stunda nám í fangelsi. Dagpeningar eru svo 460 kr. á dag virka daga en ekki eru greiddir dagpeningar um helgar eða á hátíðisdögum. Dagpeningar eru greiddir þeim föngum sem ekki eiga kost á vinnu innan fangelsisins eða eru óvinnufærir samkvæmt læknisvottorði. Með reglugerð nr. 683/1998 um breyting á reglugerð um gæsluvarðhaldsvist nr. 179/1992 með síðari breytingum, var einnig farið að greiða gæsluvarðhaldsföngum dagpeninga á virkum dögum ef þeir eiga ekki kost á vinnu innan fangelsisins eða eru óvinnufærir. Sama er að segja um þá fanga sem afplána vararefsingu fésekta.

Aðalmarkmið með vinnu fanga er að kenna þeim almenn vinnubrögð og nýta afplánunartímann til endurhæfingar. Jafnframt er það stefnan að launatekjur komi í stað dagpeninga í auknum mæli. Mest vinnuframboð er í Fangelsinu Litla-Hrauni en þar, eins og í Fangelsinu Kvíabryggju, fer fram ýmis konar framleiðslustarfsemi. Í fangelsunum á höfuðborgarsvæðinu vinna fangar aðallega ýmis smáverkefni fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu en einnig er rekið þvottahús í Fangelsinu Kópavogsbraut 17. Í Fangelsinu Akureyri vinna fangar við þrif og þvotta. Þegar framkvæmdir hafa átt sér stað á húsakosti fangelsanna hefur verið kappkostað að útvega föngum einnig vinnu við slík verk. Á árinu 1999 var vinnuframboð almennt nokkuð gott í fangelsunum og einnig höfðu allnokkrir fangar á Litla-Hrauni vinnu af framkvæmdum við endurbætur og breytingar á fangelsisbyggingum þar eins og áður hefur verið minnst á.

Eftirfarandi tafla og súlurit sýna launa- og dagpeningagreiðslur til fanga árin 1998 og 1999.

| | | Hb.svæði | Litla-Hraun | Kvíabr. | Akureyri | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dagpeningar: | 1998 | 972 | 3.163 | 598 | 353 | = | 5.086 |
| Dagpeningar: | 1999 | 1.072 | 2.700 | 495 | 256 | = | 4.523 |
| Fangalaun: | 1998 | 2.807 | 11.725 | 4.488 | 777 | = | 19.797 |
| Fangalaun: | 1999 | 3.666 | 12.080 | 5.530 | 585 | = | 21.861 |




Eins og sést á súluritinu hafa launagreiðslur til fanga aukist á árinu 1999 samanborið við árið 1998 nema við Fangelsið Akureyri en þar lækkuðu launagreiðslur enda var fangelsið lokað í sex vikur yfir sumartímann. Þrátt fyrir fækkun fanga milli áranna 1998 og 1999 jukust launagreiðslur enda var vinnuframboð nokkuð gott, sérstaklega vegna töluvert mikillar vinnu við viðhald á fangelsisbyggingum. Dagpeningagreiðslur lækkuðu á milli áranna nema í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu en þar jukust dagpeningagreiðslur til fanga í Hegningarhúsinu. Ástæðan er sú að ekkert vinnuframboð er í Hegningarhúsinu en það er móttökufangelsi og eru fangar því oftast fluttir fljótlega þaðan í önnur fangelsi til afplánunar.

## I. 3 FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS

Fangavarðaskóli ríkisins var starfræktur með formlegum hætti á árinu 1999. Haldið var eitt grunnnámskeið á haustönn, auk ýmissa annarra sérstakra námskeiða, svo sem nýliðanámskeiðs, öryggisnámskeiðs og skýrslugerðarnámskeiðs. Skólahald grunnnáms hófst á haustmisseri þann 20. september og lauk með útskrift þann 10. desember 1999. Samtals var kennt í 12 vikur að prófítma meðtöldum. Skipting kennslutíma var með þeim hætti að mánudaga til miðvikudaga var kennt í Reykjavík en fimmtudaga og föstudaga í félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka. Mikill fjöldi nemenda var á grunnnámskeiði að þessu sinni eða alls 15 nemendur. Komu níu þeirra frá Fangelsinu Litla-Hrauni, tveir frá fangelsum á höfuðborgarsvæðinu, tveir frá Fangelsinu Kvíabryggju og tveir frá fangageymslu Lögreglunnar í Reykjavík. Venjulega hefur verið kennt í dómsal Hegningarhússins við Skólavörðustíg en sá salur tekur ekki fleiri en 9 nemendur með góðu móti. Því var brugðið á það ráð að leigja aðsetur fyrir skólann og varð Tölvuskóli Reykjavíkur að

Borgartúni 6 fyrir valinu. Aðstaða þar fyrir nemendur jafnt sem kennara var með ágætum og sóttist námið nemendum vel en afbragðsgóður árangur var hjá nemendum í skólanum. Þreyttu nemendur 10 skrifleg próf við skólann ásamt því að vinna verkefni og sækja námskeið í tölvunotkun. Átta kennarar sáu um kennslu í samtals tólf námsgreinum.

Rekstur Fangavarðaskólans kallar á heilmikil útgjöld fyrir fangelsiskerfið, til að mynda í formi launaútgjalda fyrir fangelsin vegna afleysinga fyrir þá fangaverði sem sækja skólann, dagpeninga- og ferðagreiðslna til nemenda og launa kennara. Í fjárlögum hefur aldrei verið gert ráð fyrir rekstri skólans og því hefur Fangelsismálastofnun þurft að taka ákvörðun um það ár frá ári hvort unnt sé að reka skólann miðað við það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Slíkt óöryggi í rekstri Fangavarðaskólans er afar óæskilegt og hlýtur að hamla eðlilegum viðgangi starfsmenntunar fangavarða.

## II. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

### II. 1 LEYFI ÚR REFSIVIST

Á árinu voru föngum veitt samtals 60 dagsleyfi án fylgdar og hafði þeim fjölgað um 30% frá árinu 1998. Leyfi þessi eru í 14 klst., frá kl. 08.00-22.00 og eru háð ströngum skilyrðum. Dagsleyfin eru eitt af þeim úrræðum sem fangelsisyfirvöld nota til þess að undirbúa langtímafanga fyrir komu út í hið frjálsa samfélag á ný. Samkvæmt reglugerð um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis nr. 719/1995 er heimilt að veita fanga slíkt leyfi þegar hann hefur afplánað 1/3 hluta refsitímans, þó ekki skemur en eitt ár. Fangar sem afplána styttri tíma en eitt ár fá því engin dagsleyfi. Fangar sem uppfylla skilyrði fá dagsleyfi á tveggja mánaða fresti fyrsta árið sem leyfi er veitt en einu sinni í mánuði eftir það.

Á árinu var gerð breyting á áðurnefndri reglugerð þess efnis að fjölga dagsleyfum. Mjög lítið er um að þau séu misnotuð og eru þau föngum einnig almennt hvatning til þess að hegða sér vel í fangelsi. Aðeins ein misnotkun á dagsleyfi er skráð á árinu. Í því tilviki kom fangi til baka í fangelsi undir áhrifum áfengis.

### II. 2 ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMEÐFERÐ Í REFSIVIST

Á árinu 1999 var 25 föngum gefinn kostur á að afplána hluta refsingar í meðferð á sjúkrastofnunum SÁÁ. Flestir þeirra voru vistaðir í hefðbundinni meðferð síðustu sex vikur afplánunartímans, en þrír voru vistaðir hjá SÁÁ í upphafi refsivistar. Sautján luku meðferð en 8 voru vistaðir aftur í fangelsi vegna agabrota. Samstarf Fangelsismálastofnunar og SÁÁ á þessu sviði hófst árið 1990, en þá voru fyrstu fangarnir sendir til slíkrar meðferðar. Samstarf við SÁÁ hefur verið með ágætum og algengt er að þeir taki við öðrum skjólstæðingum Fangelsismálastofnunar en afplánunarföngum. Samtals hafa 203 fangar farið til meðferðar hjá SÁÁ og hafa 149 þeirra, eða 73% lokið meðferð, en 54, eða 27%, verið sendir aftur í fangelsi. Á árinu voru að meðaltali vistaðir tveir dómþolar hjá SÁÁ eins og sjá má af töflu 8 d. Súluritið hér á eftir sýnir vistanir hjá SÁÁ frá 1990.

**Fjöldi fanga vistaður í áfengis- og fíkniefna-meðferð í refsivist árin 1990 – 1999**




## II. 3 STROK OG STROKTILRAUNIR ÚR REFSIVIST

Tveir fangar struku frá Fangelsinu Litla-Hrauni á árinu. Þeim tókst að brjótast út um brunaútgang í nýjustu fangelsisbyggingunni. Þá strauk einn fangi frá fangaflutningsmönnum Litla-Hrauns og einn úr meðferð

Súluritið sýnir þróun stroka og stroktilraunir frá fangelsum frá árinu 1986.

**Strok og stroktilraunir úr refsivist árin 1986 – 1999**



# III. FULLNUSTA REFSIDÓMA

## III. 1 AFPLÁNUN REFSIVISTAR HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND

Á árinu 1999 var 47 föngum, þar af 3 föngum sem afplána vararefsingar fésekta, heimilað að ljúka síðustu mánuðum afplánunar á áfangaheimili Verndar og stunda þaðan vinnu eða nám á almennum markaði undir eftirliti. Vistun þessi er að jafnaði 2-3 mánuðir, en getur orðið allt að 6 mánuðum samkvæmt reglum sem settar voru í október 1999. Dómþolar greiða sjálfir fyrir uppihaldið á áfangaheimilinu. Samtals hefur 223 dómþolum verið gefinn kostur á slíkri vist frá árinu 1995 og hafa 188 þeirra, eða 84%, staðist öll sett skilyrði fyrir vistun en 35, eða 16% verið sendir aftur í fangelsi.

Eins og sjá má af súluritinu hafa aldrei fleiri rofið skilyrði fyrir vistun en á árinu 1999 eða 14 einstaklingar. Einkum var um að ræða neyslu áfengis eða annarra vímugjafa, en einnig brot á reglum um viðveru á heimilinu. Enginn þessara manna gerðist sekur um brot gegn almennum hegningarlögum. Rof þessi leiddu m.a. til breytinga á eftirliti með dómþolum á áfangaheimilinu á árinu 2000 sem nánar verður vikið að í næstu ársskýrslu.

**Vistun hjá Félagasamtökunum Vernd árin 1995 – 1999**




## III. 2 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

Á árinu bárust 90 umsóknir um samfélagsþjónustu, sem er nokkur fækkun frá árinu 1998. Aðalskýringin á þessari fækkun umsókna er væntanlega sú að mun færri dómar bárust Fangelsismálastofnun á árinu 1999 en 1998. Samfélagsþjónusta kemur einungis til greina þegar óskilorðsbundin fangelsisrefsing er 6 mánuðir eða styttri. Eins og sjá má af töflu 5 bárust stofnuninni á árinu 1999 einungis 196 slíkir dómar í stað 232 dóma árið 1998.

Súlurit 1 sýnir fjölda umsókna um samfélagsþjónustu frá upphafi.

**Súlurit 1**
**Fjöldi umsókna um samfélagsþjónustu árin 1995 - 1999**




Súlurit 2 sýnir hvernig umsóknir um samfélagsþjónustu hafa verið afgreiddar. Samtals hafa 388 umsóknir borist Fangelsismálastofnun frá árinu 1995. Samþykktar hafa verið 260 umsóknir eða 67% en 33% synjað eða þær dregnar til baka.

**Súlurit 2**
**Afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu árin 1995 – 1999**




Af súluriti 3 má sjá ástæður fyrir því að samfélagsþjónustuumsóknum er hafnað. Ástæða hlutfallslega fleiri synjana á árinu 1999 en á fyrri árum er líklegust sú að erfiðari skjólstæðingar sækja um samfélagsþjónustu en áður.

## Súlurit 3
## Ástæður synjana á umsóknum um samfélagsþjónustu árin 1995 - 1999




Þá sýnir súlurit 4 að á árinu 1999 höfðu 36% dómþola sem veitt var samfélagsþjónusta afplánað fangelsisrefsingu áður, en hlutfall þeirra hefur verið breytilegt eftir árum.

## Súlurit 4
## Fjöldi þeirra sem veitt var samfélagsþjónusta og þar af fjöldi þeirra sem áður hafði afplánað í fangelsi árin 1995 - 1999




Af súluriti 5 sést hvernig samfélagsþjónustu lýkur innan hvers árs, þ.e.a.s. hve margir standast skilyrði samfélagsþjónustu og hve margir rjúfa. Þeim hefur fjölgað nokkuð sem rjúfa miðað við síðasta ár.

**Súlurit 5**
**Fjöldi þeirra sem stóðst/rauf skilyrði samfélagsþjónustu innan árs árin 1995 – 1999**




Að lokum sést af súluriti 6 að afplánuðum dögum í samfélagsþjónustu hefur fækkað nokkuð á milli ára, sem er eðlileg afleiðing á því sem á undan er sagt um fækkun umsókna og fækkun fangelsisdóma sem bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu á milli áranna 1998 og 1999.

**Súlurit 6**
**Fjöldi óskilorðsbundinna refsivistardaga sem afplánaður er með samfélagsþjónustu innan hvers árs árin 1995 - 1999**



## III. 3 TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU

Á árinu 1999 bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu og vistunar 1.308 dómar. Frá ríkissaksóknara bárust 1.218 dómar, einn dómur var endursendur samkvæmt beiðni ríkissaksóknara og 87 dómar bárust frá Hæstarétti Íslands. Þá sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytið til fullnustu 3 norræna refsivistardóma og var einn þeirra endursendur samkvæmt beiðni ráðuneytisins.

Ennfremur bárust stofnuninni 455 viðurlagaákvarðanir og 5.104 árituð sektarboð frá ríkissaksóknara. Fjöldi innkominna sektarboða nær þrefaldaðist frá árinu 1998.

Tafla 1.1 sýnir athyglisverða breytingu að því leyti að aldrei á viðmiðunartímabilinu hafa færri dómþolar hlotið óskilorðsbundna refsidóma en á árinu 1999. Fjöldi óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga er aðeins 258 á árinu. Árið 1995 voru þeir 378 og 449 árið þar á undan. Ef frá er skilið árið 1998 er sektarrefsingum að fjölga, óskilorðsbundnum fangelsisrefsingum að fækka og skilorðsbundnum refsingum fækkar. Vinnsla áritaðra sektarboða er orðinn töluverður þáttur í starfsemi Fangelsismálastofnunar en á árinu 1999 bárust stofnuninni 5.100 slíkar sektarrefsingar til fullnustu.

Þá fækkaði refsingum verulega á milli áranna 1998 og 1999 þar sem frestun á fullnustu refsingar er jafnframt bundin sérstökum skilyrðum skv. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Sjá töflu um skiptingu sérskilyrða:

| ***Númer töluliða 3. mgr. 57. gr. hegningarlaga*** | ***Fjöldi*** |
|---|---|
| 1. og 2. töluliður | 4 |
| 1., 2. og 3. töluliður | 2 |
| 1. og 3. töluliður | 7 |
| 1., 2. og 4. töluliður | 1 |
| 1., 2., 3. og 4. töluliður | 1 |

Eins og sjá má á töflunni er frestun á fullnustu 10 refsinga m.a. bundin skilyrði samkvæmt 3. tölul. 3. mgr. 57. gr. hgl., þ.e.a.s. að aðili neyti ekki á skilorðstímanum áfengis né deyfilyfja.

Tafla 1.2 sýnir refsingar dómþola sem eru á aldrinum 15-17 ára við uppkvaðningu dóma og er fækkun á milli ára afar athyglisverð. Dómþolum í þessum aldurshópi hefur fækkað um helming. Hvort afbrotum þessa aldurshóps hefur fækkað að sama skapi skal ekkert sagt um hér.

Eins og getið er um hér að framan hefur þeim dómþolum fækkað aftur, sem hlotið hafa skilorðsbundna refsingu og frestun á fullnustu refsingar er bundin sérstökum skilyrðum samkvæmt 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Af þeim voru tæplega 27% í þessum aldurshópi á árinu 1999. Sjá töflu um skiptingu sérskilyrða:

| ***Númer töluliða 3. mgr. 57. gr. hegningarlaga*** | ***Fjöldi*** |
|---|---|
| 1. og 2. töluliður | 1 |
| 1. og 3. töluliður | 2 |
| 1., 2. og 3. töluliður | 1 |

Eins og sjá má af töflunni sætti meirihlutinn m.a. skilyrði skv. 3. tölul. 3. mgr. 57. gr. hgl. eða að aðili neyti ekki á skilorðstímanum áfengis né deyfilyfja. Þess má geta að þegar þetta er skrifað hafa þrjár af refsingum þessum verið dæmdar upp.

**Fjöldi dómþola í boðun í lok hvers árs, árin 1989 – 1999**




Tafla 2.1. sýnir verulega fækkun fanga í afplánun um áramótin 1998-1999 og á sama tíma á árunum þar á undan og má m.a. rekja fækkun þessa til fleiri refsiúrræða svo sem samfélagsþjónustu. Aðeins hefur fjölgað á boðunarlista frá árinu á undan en þá höfðu aldrei verið færri fangar á boðunarlista um áramót eins og sjá má af súluritinu hér að ofan. Nánast sami fjöldi var í samfélagsþjónustu og árið á undan. Þá sýnir taflan að fjölda dómþola á reynslulausn fækkar enn.

Tafla 2.2 sýnir verulega fjölgun þeirra aðila sem sættu gæsluvarðhaldi og smávægilega fjölgun þeirra sem afplána vararefsingu fésekta um áramótin 1998 - 1999.

**Fjöldi fanga sem lauk afplánun árin 1989 – 1999**



Tafla 3a sýnir að mun færri fangar á aldrinum 16-20 ára afplánuðu á árinu 1999 en á fyrri árum eða einungis 15 og hafa þeir aldrei verið færri frá því að ársskýrslur Fangelsismálastofnunar hófu göngu sína 1989. Til samanburðar má geta þess að á árunum 1995 og 1996 luku yfir 40 fangar afplánun á þessum aldri á hvoru ári fyrir sig. Þessi þróun er í samræmi við það sem gerst hefur í nágrannalöndum okkar. Í nóvember 1999 var endurnýjað samkomulag milli Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu um vistun fanga yngri en 18 ára. Í 1. gr. þess samkomulags segir að stefnt skuli að því að fangar yngri en 18 ára verði að jafnaði vistaðir á meðferðarheimilum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna þar sem fram fer sérhæfð meðferð, enda sé talið að það sé þeim fyrir bestu.

Tafla 3b sýnir aldursskiptingu samfélagsþjóna á árunum 1995 - 1999.

Tafla 4a sýnir að sáralitlar hlutfallslegar breytingar hafa orðið á tilefni fangavistar á síðustu árum og sama gildir um afbrot þeirra sem heimilað var að afplána dóma með samfélagsþjónustu, sjá töflu 4b. Hlutfall fanga dæmdra fyrir fíkniefnabrot hefur aldrei verið hærra og líkur eru á því að þetta hlutfall fari hækkandi á næsta ári.

**Fjöldi óskilorðsbundinna refsivistardóma,**
**sem barst til fullnustu árin 1989 – 1999**




Tafla 5 sýnir að á viðmiðunartímabilinu hafa Fangelsismálastofnun ekki borist færri óskilorðsbundnar refsingar til fullnustu en á árinu 1999 og gildir það sama um heildarrefsitíma. Aldrei í sögu Fangelsismálastofnunar hafa færri slíkar refsingar borist til fullnustu, né heldur hefur heildarrefsitími verið minni, nema árið 1992. Rétt er að geta þess hér að þegar þetta er skrifað bendir allt til þess að heildarrefsitími á árinu 2000 muni hækka umtalsvert, einkum vegna mikils fjölda stórra fíkniefnamála sem upp hafa komið á því ári.

